

Gjaldskrá fyrir húsaleigu 2021

Salur, skáli og eldhús Valsárskóla eru leigð út til íbúa Svalbarðsstrandarhrepps vegna veisluhalda o.þ.h. Einnig hefur verið opið á leigu sundlaugar yfir sumartímann þegar sundlaugin er lokuð. Fyrir leiguna greiðist samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

1. Skáli og eldhús vegna veisluhalda kr. 51.250,-
Innifalin eru borð og stólar fyrir 60 manns, afnot af húsgögnum, borðbúnaði og eldhúsáhöldum. Þrif og frágangur eru ekki innifalin.
2. Skáli, salur og eldhús vegna veisluhalda kr. 102.500,-
Innifalið eru borð og stólar fyrir 240 manns, afnot af borðbúnaði og eldhúsáhöldum. Þrif og frágangur eru ekki innifalin.
3. Vinna starfsmanna* (á klukkustund). kr. 5.125,-
Vinna við uppsetningu, þrif og annan frágang, að lágmarki 4 klst. á hvern starfsmann (valkvætt).
4. Sundlaugarleiga kr. 25.000,-
Skylda er að leigja starfsmann með sundlaug lágmark 4 tímar í greiðslu.
5. Önnur leiga er eftir samkomulagi.

Húsvörður afhendir lykla á staðnum, leiðbeinir um umgengnisreglur og notkun tækjabúnaðar. Leigutaki sér um uppsetningu húsbúnaðar, uppvask, frágang og þrif nema sérstaklega sé samið um annað, sbr. lið 3 í gjaldskránni. Húsnæðinu skal skilað í sama ásigkomulagi og komið var að.

Við skil á lykllum fer húsvörður yfir frágang með leigutaka. Ef frágangi og þrifum er ábótavant getur húsvörður ákveðið að rukkað skuli fyrir vinnu starfsmanna við úrbætur. Fyrir þrif er rukkað samkvæmt tímaskráningu viðkomandi starfsmanns, þó að lágmarki fyrir 4 tíma (útkall).

Um afhendingu lykla, aðgang að húsnæðinu vegna undirbúnings og lyklaskil skal samið við húsvörð. Miðað skal við að útleiga hafi ekki áhrif á skólastarf eða viðburði á vegum skólanna.

Gjaldskrá þessi skal endurskoðuð í desember ár hvert með hliðsjón af þróun launakostnaðar.

Samþykkt á 60. fundi Sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps 14. desember 2020.

